**Bekkur**: 8. bekkur

**Námsgrein**: Danska

**Kennarar**: Elísabet Kvaran

**Tímafjöldi**: 3 tímar á viku

**Námsgögn:**
- Smart lesbók +vinnubók
- Tak lesbók og vinnubók A
- Fjölbreytt efni af dr.dk
- Gagnvirkir vefir
- Danskar kvikmyndir
- Dægurlög og textar á dönsku

**Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:
- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

- **Menningarlæs**i: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.
- **Námshæfn**i: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

| Efnisþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | Nemandi geti:<br>• Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er mjög skýrt<br>• Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum | Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. | • Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum og svarað léttum spurningum um efnið (á islensku eða dönsku)<br>• Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar og svarað léttum spurningum um efnið (á islensku eða dönsku) | | |
| **Lesskilningur** | Nemandi geti:<br>• Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum<br>• Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og/eða netmiðla með stuðning, t.d. af myndum<br>• Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu<br>• Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og færðsluefni fyrir börn og unglinga | • Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum<br>• Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning<br>• Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni | • Lesskilningspróf/kannanir |
| **Ritun**<br>• málnotkun<br>• málfræði | Nemandi geti:<br>• Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega<br>• Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.<br>• Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi<br>• Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst | • Nemendur skrifa nokkur misstór ritunarverkefni, bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni | • Skil á ritunarverkefnum.<br>• Hefti/glósubók skoðuð reglulega |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br>• Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit | | |
| **Samskipti og frásögn** | Nemandi geti:<br>• Haldið uppi mjög einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda<br>• Spurt og svarað á mjög einfaldan hátt um það sem stendur honum næst<br>• Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.<br>• Tekið þátt í samskiptaleikjum og unni samtalsæfingar<br>• Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt<br>• Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,<br>• Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa | • Nemendur tjá sig munnlega á einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni<br>• Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi | • Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum<br>• Notast við PowerPoint og myndbandsverkefni |